



Skýrsla v/ framhaldsumsóknar um Grænfána

Starfsemi haust 2016 til september 2018

1. Umhverfisnefnd/Sjálfbærniefnd

Þegar umhverfisstarf hófst við skólann var ákveðið að skipa í tvær umhverfisnefndir. Þetta eru annars vegar umhverfisnefnd FÁ og hins vegar umhverfisráð nemenda. Umhverfisnefnd var síðar sameinuð sjálfbærniefnd, en starfssvið sjálfbærniefndar er víðtækara þar sem það felur m.a. í sér skipulagsmál skólans, samgöngur og heilsumál auk umhverfismála. Fjölbrautaskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli auk þess sem virk samgöngustefna er til staðar. Það er litið svo á að lýðheilsa, skipulag og samgöngur séu allt mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun skólans og með því að vinna með alla þessa þætti tekur skólinn stórt skref í átt að sjálfbærri þróun.

Sjálfbærnistefna skólans er eftirfarandi:

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Stefnuni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfissvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði.

Verkefni sjálfbærniefndar er að fylgja eftir sjálfbærnistefnu skólans í öllum þáttum skólastarfs en nefndin gerir aðgerðaáætlun til eins árs. Í áætluninni eiga að koma fram mælanleg markmið, ásamt þeim mælikvörðum sem verða notaðir til að meta starfið. Í lok hvers skólaár skilar nefndin skýrslu um markmiðin og niðurstöður árangursmælinga. Nefndin fundar tvisvar til þrisvar á önn.

Sjálfbærniefndina skipa:

1. skólameistari og aðstoðarskólameistari
2. gæðastjóri
3. umhverfisfulltrúi skólans
4. umsjónarmaður fasteigna
5. tveir kennarar bóknámsbrauta
6. einn kennari sérnámsbrautar
7. einn kennari heilbrigðisskólans
8. einn starfsmaður þjónustusviðs
9. tveir fulltrúar nemenda – einn úr umhverfisráði og annar úr nemendaráði

Fleiri starfsmenn skólans en þeir sem eiga sæti í sjálfbærniefnd hafa komið að þessu starfi.

Umhverfisráð nemenda

Áfanginn UMRÁ1UR03 er verklegur áfangi sem er alltaf í boði og nær yfir haust- og vormisseri. Æskilegur undanfari er UMHV1SJ05 (umhverfisfræði). Nemendur í umhverfisráði hittast einu sinni til tvisvar í viku á fundum með umhverfisfulltrúum. Einn þeirra á sæti í sjálfbærninefnd skólans. Þessir nemendur hafa tekið að sér ýmis verkefni sem lúta að umhverfismálum í skólanum, t.d. að hafa umsjón með umhverfisfræðslutöflu, ganga í stofur og fræða nemendur um umhverfismál, sjá um uppákomur tengdar samgönguviku, vekja athygli á umhverfismálum á Degi íslenskrar náttúru og sjá um umhverfisdaga sem eru í apríl ár hvert. Að auki fá nemendurnir fræðslu um afmörkuð málefni og fara í vettvangsferðir m.a. í Sorpu, Gámapjónustuna eða halda vinnufundi þar sem gjarnan er gist yfir nótt. Nemendur UMRÁ1UR03 hafa yfirleitt verið í kringum tíu, misjafnt eftir árum. Síðastliðið ár var góð þátttaka í ráðinu og margir áhugasamir nemendur en eitt af markmiðum nemenda í umhverfisráði veturinn 2018 – 2019 er að efla ráðið og leita nýrra leiða til að gera starfið meira spennandi fyrir nemendur sem hafa ekki tekið þátt hingað til. Sjá má sýnishorn fundargerða umhverfisráðs nemenda í viðauka 1.

1. Umhverfismat

Umhverfisfulltrúi hefur metið stöðu umhverfismála jafnt og þétt frá því skólinn tók fyrst við Grænfánanum árið 2006. Mælikvörðum á frammistöðuna hefur fjölgað eftir því sem umhverfisstarf skólans hefur orðið margþættara og teygt anga sína víðar. Einnig hafa fleiri starfsmenn komið að markmiðsgerð tengdri sjálfbæru skólastarfi og í kjölfarið hannað mælikvarða á þessi markmið.

2. Áætlun um aðgerðir og markmið

Áætlun skólans tekur ekki miklum breytingum frá því að síðustu skýrslu var skilað inn. Þetta er ekki vegna þess að markmið hafa ekki náðst heldur vegna þess að mörg verkefnanna eru þess eðlis að við sjáum árangur, eða, viljum að verkefnunum verði að halda áfram vegna þess að þau hafa jákvæð áhrif.

Sjálfbær skóli - markmið og mælikvarðar:

Umhverfis-, efnahags- og tæknimarkmið


Markmið: Að auka meðvitund um spilliefni og minnka hlutfall óflokkað sorps.

Aðgerð: Öllum tölvubúnaði, ljósaperum, jární og rafhlöðum er safnað saman og sent í endurvinnslu. Nemendur í umhverfisráði standa fyrir fræðsluátaki um spilliefni. Sérstakar tunnur fyrir spilliefni verða settar upp.

Mælikvarði: Hlutfall óflokkaðs sorps af heildarmagni sorps. Magn spilliefnis sent í endurvinnslu. Góður árangur hefur náðst í því að minnka hlutfall óflokkaðs sorps (sjá graf hér að neðan)

Ábyrgðaraðili: Vigfús Þ. Jónsson, Tinna Eiríksdóttir, Jóhanna Þ. Sturlaugsdóttir

Úrgangur fyrstu 10. mán. 2016 og 2017



Markmið: Að stuðla að vistvænum samgöngumáta.

Aðgerð: Setja upp fleiri hleðslustaura á bílastæði skólans til að hlaða rafmagnsbíla. Eins og er þá er skólinn fyrsti framhaldsskóli landsins sem hefur sett upp hleðslustaura fyrir rafbíla en þeir voru settir upp í apríl 2018. Markmiðið er að auka þessa þjónustu við starfsmenn og nemendur og hvetja til rafbílanotkunar.

Mælikvarði: Fjöldi rafmagnsbíla sem nýtir sér þjónustuna.

Ábyrgðaraðili: Vigfús Þ. Jónsson




Markmið: Að minnka notkun rafmagns innanhúss.

Aðgerð: Minnka notkun rafmagns með því að slökkva ljósin, þegar engin starfsemi fer fram í viðkomandi rými. Nota sparperur, hreyfiskynjara og dimmera fyrir ljós.

Mælikvarði: Notkun á rafmagni skv. aflestri á rafmagnsmæli á tímabilinu og fjöldi hreyfiskynjara.

Ábyrgðaraðili: Vigfús Þ. Jónsson



Markmið: Að hanna tjörn og útivistarsvæði á lóð skólans sem nýtist jafnt starfsmönnum og nemendum skólans svo og nágrönnum eins og íbúum hverfis og leikskólanum.

Aðgerð: Styrkur fékkst frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (sjá viðauka 2.) til að hanna útikennsluaðstöðu. Framundan er að stofna nefnd með fulltrúum Reykjavíkurborgar, ráðuneytis, framkvæmdasýslu og hagsmunaaðila til að hanna svæðið.

Mælikvarði: Staða framkvæmda í lok skólaárs.


Ábyrgðaraðili: Magnús Ingvason og umhverfiráðið

Markmið: Að minnka notkun hitaveituvatns.

Aðgerð: Minnka notkun hitaveituvatns með því að tryggja góða einangrun húsnæðis. Skipta á milli vetrar- og sumarhitunar til að draga úr upphitun yfir sumartíma. Setja upp tölvustýringu fyrir upphitun skólans til að nýta hitann sem best, þar sem þess er þörf.

Mælikvarði: Notkun á hitaveituvatni skv. aflestri á tímabilinu.

Ábyrgðaraðili: Vigfús Þ. Jónsson



Markmið: Að virkja nemendur til að taka þátt í sjálfböðavinnu til að viðhalda útivistasvæði í Reykjavík og nágrenni.

Aðgerð: Í samvinnu við Umhverfisstofnun verður auglýst eftir nemendum til að taka þátt í Grænni helgi. Græna helgin verður flutt aftur um eina helgi og betur kynnt á næsta ári.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem taka þátt í sjálfböðavinnu.

Ábyrgðaraðili: Sæpór Ólafsson og Þórhallur Halldórsson

Markmið: Að efla umgengni í skólanum.

Aðgerð: Að halda áfram með verkefnið „Siðbót í FÁ“. Útskriftarnemendur taka að sér að ganga um Steypuna og matsalinn og hvetja fólk til að ganga frá eftir sig. Þetta verkefni hefur verið við lýði undanfarin ár, gengið vel og umgengni um skólann hefur stórbátnað.

Mælikvarði: Fjöldi útskriftarnema sem taka þátt í verkefninu og umgengni í skólanum.

Ábyrgðaraðili: Tinna Eiríksdóttir og Jóhanna Þ. Sturlaugsdóttir

Heilsueflandi markmið

Markmið: *Að auka áhuga nemenda á útivist og efla umhverfisvitund þeirra.*

Aðgerð: Að bjóða upp á áfanga tengda umhverfismálum, fjallgöngu og útivist og Hjólað/Gengið í skólann. Boðið hefur verið uppá þessa áfanga undanfarin skólaár með góðum árangri.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda skráður í áfangana.

Ábyrgðaraðili: Guðríður Guðjónsdóttir, Sæpór Ólafsson og Þórhallur Halldórsson

Markmið: *Að auka hreyfingu nemenda og starfsfólks og hvetja til hollari lífsstíls.*

Aðgerð: Hvetja starfsmenn til að taka þátt í framhaldsskólakeppni fyrir Lífshlaup og hvetja nemendur og starfsmenn að taka þátt í átaki Hjólum í skólann. Öllum nemendum og starfsmönnum verður boðið í Skautahöllina. Síðustu ár hefur skólanum gengið vel í þessu verkefni og skólinn unnið í Lífshlaupinu í sínum flokki. Jafnframt stendur nemendum og starfsfólki til boða að fá sér hafragraut á hverjum morgni, sér að kostnaðarlausu.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda og starfsmanna sem taka þátt í Lífshlaupi og Hjólum í skólann.

Ábyrgðaraðili: Guðríður Guðjónsdóttir og Helmut Hinrichsen

Markmið: *Að efla vitund nemenda og starfsmanna um friðlýst svæði í nágrenni Reykjavíkur.*

Aðgerð: Skipulagðar verða gönguferðir þar sem ástand leiðarinnar verður tekið út, stikur lagaðar og gönguleiðin merkt.

Mælikvarði: Fjöldi þátttakenda í gönguferðum og fjöldi kílómetra á Reykjavegi kannaður.

Ábyrgðaraðili: Sæpór Ólafsson og Þórhallur Halldórsson

Markmið: *Að hvetja nemendur og kennara til að borða hollan morgunmat.*

Aðgerð: Boðið verður upp á ókeypis hafragraut á morgnana.

Mælikvarði: Fjöldi skammta af hafragrauti borðaður á degi hverjum. Síðustu ár hefur skömmtum fjölgað en árið 2016 voru skammtarnir að meðaltali 60 en árið 2018 fara að meðaltali 70 skammtar, dag hvern, þrátt fyrir að nemendum hafi fækkað. Einnig má nefna að daglega verður boðið upp á ávexti síðdegis á kaffistofu starfsmanna.

Ábyrgðaraðili: Krístrún Sigurðardóttir

Markmið: *Að auka vitund nemenda og starfsmanna um þau áhrif sem samgöngumáti þeirra hefur á umhverfið og heilsuna í samræmi við markmið heilsueflandi framhaldsskóla.*

Aðgerð: Skólinn gerir samning við Strætó bs. sem býður starfsmönnum skólans sérstakt samgöngukort á góðum kjörum. Skólinn býður svo þeim starfsmönnum sem nota að jafnaði vistvænan samgöngumáta að lágmarki í 60% tilfella á mánaðargrunni upp á 30.000 kr. styrk á ári, en það er hækkun frá fyrri árum. Skólinn mun jafnframt sækja um samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Dæmi um umsóknareyðublað fyrir samgöngustyrk má sjá í [viðauka 7](#).

Mælikvarði: Fjöldi starfsmanna sem nýtur sér samgöngustyrk og niðurstaða umsóknar.

Ábyrgðaraðili: Magnús Ingvason

Kennslufræðileg markmið

Markmið: *Að auka námsaðstoð við nemendur.*

Aðgerð: Að bjóða upp á námsaðstoð í Setrinu, þar sem nemendur geta fengið aðstoð kennara og eldri nemenda í sem flestum námsgreinum, íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku o.fl.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem leitar sér aðstoða og í hvaða fögum.

Ábyrgðaraðili: Eiríkur Brynjólfsson

Markmið: *Að gera raddir og skoðanir nemenda sem eru af erlendum uppruna greinilegri í skólasamfélaginu.*

Aðgerð: Að kanna hlutfall og virkni nemenda í nefndum og ráðum skólans og hvetja þá til að taka þátt í félagslífinu. Stefna að því að nemendur af erlendum uppruna taki oftari þátt í uppákomum á vegum skólans og fái að kynna menningarlegan bakgrunn sinn.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda af erlendum uppruna í nefndum og ráðum á vegum skólans. Fjöldi uppákoma í skólanum, þar sem menningarlegur bakgrunnur nemenda af erlendum uppruna skilar sér inn í skólasamfélagið.

Ábyrgðaraðili: Kristen M. Swenson

Markmið: *Að nemendur geti sem best lifað með fötlun sinni og verið virkir þátttakendur í skólastarfinu og samfélaginu.*

Aðgerð: Námið er einstaklingsmiðað og haft er að leiðarljósi að það sé sem hagnýtast svo það nýtist einstaklingnum sem best til að takast á við framtíðina.

Mælikvarði: Námsmat, álit foreldra og tengiliða.

Ábyrgðaraðili: Pálmi Vilhjálmsson

Markmið: *Að nemendur í stærðfræði verði ábyrgari og meira sjálfbjarga í sínu námi.*

Aðgerð: Gera nemendum kleift að skoða glósur og reiknuð dæmi og hlusta á kennslumyndbönd í Moodle. Gera nemendur meðvitaða um hvernig og hvenær þau hafi náð einstökum markmiðum áfangans.

Mælikvarði: Listi með markmiðum lagður fyrir um miðja önn og aftur í lokin þar sem nemendur merkja við hve góðum tökum þeir hafi náð á einstökum markmiðum.

Ábyrgðaraðili: Jónína G. Kristinsdóttir

Markmið: *Að auka gæði náms og þjálfunarferða í starfsmenntun nemenda í heilbrigðisgreinum.*

Aðgerð: Sækja um vottun á náms- og þjálfunarverkefnum í starfsmenntun á vegum Erasmus+ áætlunarinnar.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem sækja nám og þjálfun erlendis og vottun sem starfsmenntaskóli.

Ábyrgðaraðili: Krístrún Sigurðardóttir

Markmið: Að efla umræðu um kennslufræði og samstarf kennara til að prófa nýjar leiðir.

Aðgerð: Halda reglulega fundi um kennslufræði og styðja kennara til að fara nýjar leiðir. Kennarar afla sér upplýsinga um fjölbreytta kennsluhætti, gera tilraunir í eigin kennslu og ræða í jafningjahópi hvernig til tekst.

Mælikvarði: Fjöldi funda og fjöldi þátttakenda.

Ábyrgðaraðili: Margrét Gestsdóttir

Markmið: Að efla endurmenntun starfsmanna.

Aðgerð: Sækja um styrki fyrir fimm starfsmenn hverja önn til að sækja endurmenntunarnámskeið eða ráðstefnu erlendis.

Mælikvarði: Fjöldi starfsmann sem fá styrk og skýrsla þeirra.

Ábyrgðaraðili: Helmut Hinrichsen

Félagsleg og skipulagsmarkmið

Markmið: Að hækka hlutfall nýnema sem halda áfram í skólanum og jafnframt að stuðla að því að þeim vegni betur í skólanum. Markmiðið miðar að því að minnka brotthvarf nýnema.

Aðgerð: Þessu markmiði verður fylgt eftir meðal annars með því að hitta alla nýnema og veita þeim persónulega náms- og starfsráðgjöf.

Mælikvarði: Hvað hafa margir nýnemar ákveðið námsbraut og hversu margir hafa hugað að og/eða ákveðið starfssvið.

Ábyrgðaraðili: Sandra Þóroddsdóttir

Markmið: Að draga úr brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna.

Aðgerð: Styrkur hefur fengist til að kanna leiðir til að minnka brotthvarf nemenda af erlendum uppruna. Meðal þess sem gert verður er að setja á fót sérstakan pólskuáfanga fyrir pólska nemendur, bjóða þeim sem metnir eru í mestri brotthvarfshættu sérstaka námsaðstoð, bæði innan og utan kennslustunda, og kenna enskuáfanga fyrir byrjendur þar sem leitast er við að nálgast ensku út frá móðurmáli viðkomandi.

Mælikvarði: Brotthvarfstölur í lok annar.

Ábyrgðaraðili: Margrét Gestsdóttir

Markmið: Að auka utanumhald og samskipti við nýnema með sértæka námserfiðleika í þeim tilgangi að lágmarka brotthvarf þeirra úr námi.

Aðgerð: Boðið er upp á áfangann LESA1DY05 á haustönn og eru allir nemendur sem eru með sértæka námserfiðleika skilgreinda í umsókn sinni um skólavist og eða skila inn greiningu í upphafi annar skráðir í áfangann. Markmið áfangans er m.a. að nemendur bæti frammistöðu sína í rituðu máli, bæti leshraða og lesskilning, bæti námsárangur með aðstoð tölvutækinnar, styrkji sjálfsmynd sína og trú á eigin getu í námi, veri meðvitaður um jákvæð og neikvæð áhrif lesblindu á námsárangur.

Mælikvarði: Þátttaka í kennslutímum og framfarir í námi. Hlutfall þreyttra feininga í lok annar. Hlutfall nemenda sem hverfa úr námi.

Ábyrgðaraðili: Hildur Jóhannsdóttir

Markmið: *Að auka nemendalýðræði með því að hafa fleiri virka nemendur í nemendafélagi og halda fleiri og fjölbreyttari viðburði.*

Aðgerð: Stofna nokkur afmörkuð nemendaráð til að auka líkur á að nemendur úr ólíkum hópum vilji bæði skipuleggja og sækja viðburði innan félagslífsins.

Mælikvarði: Fjöldi og virkni nemenda í nemendafélagi og fjöldi og fjölbreytni viðburða á skólaárinu.

Ábyrgðaraðili: Eygló Árnadóttir

Markmið: *Að nemendur og starfsmenn sérnámsbrautar séu virkir þátttakendur í sjálfbærnistarfi skólans.*

Aðgerð: Ábyrgðaraðili er virkur meðlimur í sjálfbærninefnd FÁ, fylgist vel með þeim stefnum sem eru í umhverfismálum skólans hverju sinni og miðlar til starfsmanna og nemenda innan brautainnar.

Mælikvarði: Ábyrgðaraðili sér um að markmiði sé framfylgt. Auk þess sem hann metur stöðuna reglulega.

Ábyrgðaraðili: Rakel Hrund Ágústsdóttir

Markmið: *Að hvetja nemendur til að vera allsgáða á dansleikjum skólans.*

Aðgerð: Bjóða upp á að nemendur taki þátt í edrúpotti á öllum dansleikjum FÁ

Mælikvarði: Fjöldi nemenda á dansleik/fjöldi sem fara í sjúkrahverbergi eða er vísað frá. Stuðullinn síðan borinn saman við dansleik fyrri ára og þá dansleiki sem verða haldnir síðar.

Ábyrgðaraðili: Sandra Þóroddsdóttir

Markmið: *Að efla gæðastjórn fjarnáms.*

Aðgerð: Innleiða gæðastjórn og skrá allar vinnuferla. Gera samning við vottunarstofu um vottunarúttekt.

Mælikvarði: Niðurstöður úttektar.

Ábyrgðaraðili: Helmut Hinrichsen og Jóna Guðmundsdóttir

Helstu markmið fyrir næstu tvö ár eru eftirfarandi:

1. Hvetja nemendur og starfsfólk til að nota umhverfisvænni samgönguhætti en einkabílinn. Samgöngustyrkurinn, eins og áður hefur komið fram, sem er í boði fyrir starfsmenn hefur verið hækkaður í 30.000,- en hann var áður 26.000.- Í ár fengu 26 starfsmenn styrk, þ.e. um þriðjungur starfsmanna, en þeir mættu gjarnan vera fleiri. Stefnt er að því að skólinn fjárfesti í rafmagnshjóli sem starfsmenn geta nýtt sér til að fara í styttri ferðir á vinnutíma. Jafnframt er stefnt að því að leggja reglulega fyrir kannanir um ferðavenjur starfsmanna.
2. Viðhalda þeim árangri sem við höfum náð með flokkun úrgangs í skólanum, en nú er aðeins ein ruslatunna (svarta einingin) í skólanum ætluð óendurvinnanlegu sorpi. Ætlum að halda áfram að hvetja fólk til að koma með spilliefni sem þarf að farga í skólann. Dregið hefur þó nokkuð úr úrgangi sem kemur frá skólanum milli ára samanber meðfylgjandi mynd (fyrstu 10 mán. hvors árs). Inn í grafið vantar upplýsingar um umbúðaplast því erfiðlega gekk að nálgast þær upplýsingar frá því að síðasta grænfánaskýrsla var gerð. Þeim tölum verður haldið til haga í framtíðinni en úrgangur frá blönduðu umbúðaplasi var 709,00 kg. fyrstu 10 mán. 2017. Upplýsingar um úrgang fyrstu 10 mánuði ársins 2017 eru í [viðauka 6](#).
3. Bæta umgengni nemenda í skólanum og halda áfram með Siðbótarverkefnið sem hefur að markmiði að leiðbeina nemendum um flokkun úrgangs og hvetja þá til betri umgengni. Það hefur gengið vel og er mikill sjáanlegur árangur frá því að verkefnið hófst og verður áframhald á verkefninu.
4. Koma upp útikennsluaðstöðu og lítilli tjörn á sunnanverðri lóð skólans í samstarfi við leikskólann Múlaborg. Eins og áður hefur komið fram styrkti Mennta-og menningarmálaráðuneytið verkefnið um 2.000.000. kr. (sjá viðauka 2)
5. Auka samstarf við nærumhverfi skólans hvað varðar umhverfismál. Meðumsækjendur um styrk til endurbóta á lóðinni er leikskólinn Múlaborg og er hverfisráð Háleitis- og Bústaðahverfis samstarfsaðili verkefnisins. Einnig ætlum við að halda áfram með samstarf við UST vegna Grænu helgarinnar og Reykjavegarins.
6. Halda áfram með erlent samstarf um sjálfbært skólastarf. Nú er í bígerð Nordplus skólaverkefni með sænskum skóla að kanna áhrif ferðamennsku á umhverfið. Heiti verkefnisins er: "Tourism challenging for sustainable development"
7. Skólinn hefur fengið Erasmus+ styrk í flokki nám og þjálfun starfsmanna fyrir fjórtán starfsmenn til að sækja ráðstefnur og endurmenntun. Tveir starfsmenn munu fara í lok október í tveggja vikna ferð til Seville á Spáni til að kynna sér útivistarkennslu og kennslu utan kennslustofu. Allt endurmenntunarnám byggist á markmiðum um sjálfbæra skólaþróun.
8. Halda áfram að stuðla að aukinni hreyfingu og hollari neysluvenjum í samræmi við markmið [heilsueflandi framhaldsskóla](#).

9. Skólinn mun sækja um vottun hjá Hjólavottun skólaárið 2018 – 2019.

10. Í mötuneyti skólans fellur til ýmislegt sem er kjörið til að fódra smáfugla. Umhverfisráðið vinnur að því verkefni í veðurhörðustu mánuðum ársins og sameinar þar með dýravernd og matarsóunarátakið. Einnig er unnið að því að minnka matarsóun með því að láta starfsfólk og nemendur skammta sér sjálfum mat. Jafnframt er alltaf boðið upp á vegan mat, fyrir þá sem borða ekki dýrafurðir og stefnt er að því að fá mötuneytið til að innleiða kjötfria mánudaga að erlendri fyrirmynd (e. meatless Mondays).

11. Veturinn 2016-2017 lagði umhverfisráð nemenda áherslu á að vekja athygli á loftslagsmálum; bæði skuldbindingum Íslands og í alþjóðlegu samhengi. Markmiðið var m.a. að fræða nemendur um helstu orsakir hlýnunar jarðar og vekja athygli á þætti kjötframleiðslu í þeim efnum. M.a. voru nemendur hvattir til að taka þátt í Veganúar, nemendur í umhverfisráði lögðu neyslukannanir fyrir samnemendur sína (sjá [viðauka 5](#)) í þeim tilgangi að vekja þá til umhugsunar og allur ágóði af fatasölu á Umhverfisdögum 2018 rann til Votlendissjóðsins. Það verður haldið áfram með þetta verkefni.

12. Umhverfisráð hefur sett sér það markmið að finna leiðir til að fá fleiri nemendur til starfa að umhverfismálum. Jafnframt verður útbúin handbók fyrir umhverfisfulltrúa, en slíkt vantar eins og er, auk þess sem umhverfisráð stefnir að því að efla starf sitt með því að hafa reglulega þemadaga (og jafnvel mánuði þegar við á) til að vekja athygli á ákveðnum umhverfismálum og taka þátt í t.d. veganúar, plastlausum september, grænum apríl og vekja athygli á óþarfa neyslu fyrir jólavertíðina. Jafnframt er það eitt af markmiðunum að finna leið til þess að sporna við óþarfa pappírnotkun og útprentun. Pappírnotkun síðustu ára má sjá í [viðauka 5](#).

13. Skólinn sótti um viðurkenningu á sviði samgangna á vegum Reykjavíkurborgar í september 2018. Skólinn er fordæmisgefandi í samgöngumálum, hvetur starfsfólk til að nota vistvænar samgöngur með því að bjóða upp á samgöngustyrk, býður upp á hleðslu fyrir rafbíla og fleira. [Hlekkur á vefsíðu Reykjavíkurborgar um samgönguviðurkenningu.](#) Þann 20. september var tilkynnt að skólinn hefði hlotið viðurkenninguna.



Frá afhendingu samgönguviðurkenningar Reykjavíkurborgar 20. September 2018

Það helsta sem hefur verið gert og áunnist í umhverfismálum frá síðustu skýrslu.

- I. **Mötuneyti** – nemendur í umhverfisráði stóðu fyrir átaki til að sporna við matarsóun, vigtaðar voru matarleyfar í nokkra daga og borið saman annars vegar hafragrautur sem var og er sjálfsskammtaður og hins vegar hádegismatur sem var skammtað á diskum af starfsmanni mötuneytis. Nú hefur Krúska sem sér um mötuneyti skólans tekið upp sjálfsskömmun á öllum mat. Umhverfisráð vakti athygli á **loftslagsmálum**, fræðsla var m.a. um hlýnun jarðar og vakin athygli á þætti kjötframleiðslu í þeim efnum. Hvatti til að dýra og dýraafurða væri ekki neytt, til að vekja athygli á stærsta þætti losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og var sú þátttaka í samstarfi við Krúsku. Í janúar - „veganúar“ var boðið upp á einungis veganrétti alla þriðjudaga. Það tókst mjög vel til með þetta verkefni. Nú er boðið upp á vegan sem valkost við aðra rétti alla daga.
- II. **Hollari lífsstíll** - Fleiri skammtar af hafragraut nú þrátt fyrir að dagskólanemendum hafi fækkað. Að meðaltali fara 70 skammtar á dag og vel yfir 90 þegar mest er.
- III. **Höfnum rörum** – nemendur í Umhverfisráði vöktu athygli nemenda og starfsmanna á hversu mikið er notað af sogrörum, hvað þau eru mikill óþarfi og skaðleg fyrir umhverfið. Verkefnið vakti til umhugsunar og breytinga, m.a. hefur sérnámsbraut (sem notar talsvert af sogrörum því þau auðvelda nemendum með ákveðnar fatlanir að drekka úr glasi) ákveðið nota eingöngu fjölnotarör.
- IV. Umhverfisráð setti sér það markmið að finna leiðir til að **fá fleiri** nemendur til að starfa að umhverfismálum. Síðasta skólaár var metfjöldi í umhverfisráði.

- V. **Fræðsla** til samnemenda með stofugangi, veggspjöldum og myndum. Auk þess hafa verið fengnir utanaðkomandi aðilar með fyrirlestra; frá Ungum umhverfissinum, Umhverfisstofnun og Parísarsamtökunum 1,5 svo eitthvað sé nefnt.
- VI. **Minnkum neyslu –Kaupum minna, hugsum meira.**
-Vitundarvakning með fræðslu, og samnemendur fengnir til að svara neyslukönnun
- Endurnýting, haldinn var fatamarkaður með notuð föt. Þau föt sem ekki seldust voru gefin á nytjamarkað í nágrenninu. Ágóðinn fer í Votlendissjóð.
- VII. **Flokkun sorps.** Umhverfisráð gerði skýrar og góðar merkingar á allar endurvinnslutunnur. Flokkun sorps hefur sjaldan eða aldrei verið í jafn góðu standi og nú.
- VIII. **Umgengni um skólahúsnæði** hefur verið með besta móti það sem af er skólaári.
- IX. **Orkusparandi aðgerðir.**
Rafmagns- og heitavatnsorku hefur verið stillt eins mikið í hof og mögulegt er. Þrýstingur á heitavatninu minkaður inn á kerfið um mánaðamót maí–júní þar til skóli hófst. Sundlaug tæmd yfir sumarið og í öllum lengri fríum, s.s. jóla- og páskafríi þar sem heita vatnið rennur venjulega stanslaust í gegnum hana. Ofnar eru alltaf stilltir þannig að það er hitatemprun á þeim, þ.e. geta ekki farið upp fyrir 3. Í sumar var skipt yfir í led-lampa í anddyri skólans sem gerir það að verkum að rafmagnsnotkunn minnkar um 50% á því svæði sem er frekar stórt. Næsta sumar er síðan stefnt að því að skipta út lömpum á fleiri stöðum í skólahúsnæðinu. Heildarnotkun rafmagns og heitavatns farið minkandi (sjá gröf bls. 4-5).
- X. Settir voru upp 2 **hleðslustaurar fyrir rafbíla** með möguleika á að hlaða 4 bíla í senn.
- XI. **Styrkur fyrir útikennslusvæði** frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- XII. Sótt var um **samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar** og hlaut skólinn hana þann 20. september 2018.

4. Eftirlit og endurmat

Umhverfisfulltrúi skoðar reglulega markmið og aðgerðir og metur hvaða aðgerðum hafi verið náð og setur ný markmið í samráði við umhverfissráð og sjálfbærninefnd skólans.

5. Fræðsla

Fræðsla til nemenda hefur að mestu verið í höndum umhverfissráðs nemenda og umhverfisfulltrúa en einnig hafa nemendur í umhverfisfræðiáfanga skólans verið virkjaðir en umhverfisfræðiáfanginn „UMHV1SJ05“ er helgaður umhverfismálum. Hann er kenndur á hverri önn, fjórar kennslustundir í viku. Fulltrúar umhverfissráðs ganga að lágmarki einu sinni á önn í stofur og fræða samnemendur um umhverfismál og næstu skref þar að lútandi. Í upphafi hverrar annar gengur umhverfissráð í stofur og kynnir starfsemi sína en allir kennarar fá sendar glærur frá umhverfisfulltrúum þar sem flokkunarkerfi skólans er kynnt. Umhverfisfræðslutafla hangir uppi í sal og þar er skipt reglulega um fræðsluefni. Í umhverfisviku á vorin er boðið upp á fræðslu af ýmsu tagi. Dagskrá umhverfisviku 2017 og umhverfisdaga 2018 er í viðauka 8. Árdagar sem haldnir eru í mars ár hvert eru að einhverju leyti notaðir til fræðslu um umhverfismál auk þess sem við höldum dag íslenskrar náttúru hátíðlegan á hverju ári en í ár, 2018, fengum við fyrirlesara á vegum París 1,5 til að fræða nemendur um loftslagsmál og var fyrirlesturinn vel sóttur.

6. Kynning á stefnunni

Kynning á umhverfisstefnu FÁ út fyrir vegg skólans hefur að mestu leyti farið fram á vef skólans og þar hafa nemendur einnig skrifað greinar um umhverfismál í skólanum. Samstarf hefur verið við Gámaþjónustuna og við leikskólann Múlaborg en einnig við Umhverfisstofnun (Græna helgin og Reykjavegurinn). Umhverfisstefnu skólans, ásamt samgöngustefnunni, má sjá í viðauka 3.

7. Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli var gerður af hálfu umhverfisfulltrúa og skólameistara í upphafi Grænfánastarfsins. Sáttmálinn ásamt umhverfisaðgerðum var sendur í tölvupósti á alla starfsmenn skólans og óskað eftir athugasemdum. Hann, ásamt umhverfisaðgerðunum, var að lokum samþykktur í *umhverfisnefnd FÁ*. Umhverfissáttmáli FÁ hefur ekki breyst þó ný umhverfisstefna, samgöngustefna og sjálfbærnistefna hafi litið dagsins ljós.

Umhverfissáttmáli FÁ

Skólar eru hornsteinar hvers samfélags. Ungir hugir eru þar mótaðir til framtíðar og kapp lagt á að miðla til nemenda þeim gildum sem talin eru æskileg á hverjum tíma. Því er mikilvægt að skólar landsins sinni umhverfismálum af alúð og einlægni. Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur það hlutverk sitt alvarlega og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma, gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Skólinn mun hafa umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans mun taka tillit til sjálfbærrar þróunar.

21. september 2018
Jóhanna Þ. Sturlaugsdóttir og Tinna Eiríksdóttir
umhverfisfulltrúar FÁ

Viðauki 1. Sýnishorn af fundargerðum umhverfisráðs 2016-2018

Fundargerð haust 2017

Hugmyndir til að vinna að í Umhverfisráði

- | | |
|--|---|
| ☐ Veganúar | ☐ Leggja miklu meiri áherslu á flokkun |
| ☐ Halda áfram með umhverfisvænar snyrtivörur. | og hvetja fólk til að læra að flokka til að það hendi ekki bara í eitthvað rusl. |
| ☐ Gera fræðslumyndbönd um ýmis umhverfismál og setja þannig upp að fólk nenni að horfa og hlusta. | ☐ Hópurinn hittist meira fyrir utan tímana til að starfið verði skilvirkara. |
| ☐ Vinna betur og meira gegn matarsóun. | ☐ Hrista hópinn meira saman. |
| ☐ Leggja áherslu á minni pappírsmenningu í skólanum, hafa meira kennslufni í tölvum. | ☐ Ný stjórn – |

Fundargerð vor 2018

15. janúar

- Fannar byjar aftur í umhverfisráðið
- Í fundinum ræddum við um dagskrá fyrir umhverfisdaganna. (17-19. Apríl)
- Nýtt verkefni í Janúar (Höfnum röllum)
- Nemendurnir í ráðinu ætla að búa til plaggat til að setja upp á umhverfistöfluna og setja svo upp fimm 2L flöskur með merktum dögum á. Nemendur í skólanum taka þátt í verkefninu og henda röllum sínum í flöskurnar.
- Rætt var um útlandsferð til Ítalíu
- Elsa María orðin Formaður ráðsins
- Nemendurnir í ráðinu taka stofugang á miðvikudaginn 17. Janúar og ætla að kynna verkefnið "Höfnum röllum" og skora á kennara og nemendur í skólanum til þess að taka þátt í þessu verkefni.

Viðauki 2. Tilkynning um styrkveitingu MMR fyrir útikennslusvæði



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamalaraduneyti.is

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Ólafur H. Sigurjónsson, skólameistari
Ármúla 12
108 Reykjavík

Reykjavík 26. júlí 2018
Tilv.: MMR18010211/4.23-


Vísað er til bréfs yðar dags. 17. janúar 2018 þar sem leitað er eftir fjárstuðningi til þess að útbúa útikennsluáðstöðu við Fjölbrautaskólann við Ármúla í samstarfi við Leikskólann Múlaborg.

Ákveðið hefur verið að veita 2 m. kr. styrk til verkefnisins. 80% styrkuppðæðar greiðist í framhaldi af útgáfu þessa bréfs. Vinsamlegast sendið beiðni um greiðslu ásamt upplýsingum um kennitölu og bankareikningsnúmer til mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið thorveig.thormodsdottir@mrn.is. Vísið til tilvísunarnumers þessa bréfs í erindi yðar.

Eftirstöðvar greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess á þar til gerðu eyðublaði. Forsenda lokagreiðslu er að ráðuneytið fallist á að markmiðum verkefnis hafi verið náð og að styrkþegi hafi uppfyllt skilmála styrksins.

Skilmálar styrksins eru meðfylgjandi og á <http://www.menntamalaraduneyti.is>

Fyrir hönd ráðherra


Stefán Stefánsson


Ragnheiður Bóasdóttir

Viðauki 3.

Umhverfisstefna

FÁ hefur um árabíl verið leiðandi meðal íslenskra framhaldsskóla í umhverfisstarfi enda fyrstur þeirra til að hljóta Grænfánann árið 2006. Það er markmið skólans að vera áfram í fararbroddi á sviði umhverfismála og taka ný skref fram á við á hverju ári. Annars vegar mun áhersla verða lögð á að rekstur skólans og daglegt líf innan hans verði með vistvænum hætti. Hins vegar verður kappkostað að styrkja gildismat og viðhorf nemenda og starfsfólks til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls.



Samgöngustefna

Í umhverfisstefnu skólans er annars vegar lögð áhersla á vistvæna starfshætti og hins vegar þróun gildismats og viðhorfs nemenda og starfsmanna í átt að aukinni náttúruvernd. Til að stuðla að lífsstíl í samræmi við hið síðarnefnda hefur skólinn sett sér samgöngustefnu. Markmið skólans er að auka vitund nemenda og starfsmanna um þau áhrif sem samgöngumáti þeirra hefur á umhverfið og heilsuna í samræmi við markmið heilsueflandi framhaldsskóla. Skólinn mun standa að fræðslu og kynningum á ýmsum heppilegum valkostum sem lúta að umhverfisvænum samgöngumáta.

Í þeim tilgangi hefur skólinn gert samning við Strætó bs. sem býður starfsmönnum skólans sérstakt samgöngukort á vistvænum kjörum. Skólinn býður svo þeim starfsmönnum sem nota að jafnaði vistvænan samgöngumáta að lágmarki í 60% tilfella á mánaðargrunni upp á kr. 30.000 styrk á ári.

Til að fá styrkinn þarf viðkomandi starfsmaður að gera samning við skólann og afhenda fjármálastjóra.

Viðauki 4.




Q5

Customize

Export ▼

Skiptir það þig máli hvort grænmeti er gallað?

Answered: 100 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Já	53.00% 53
▼ Nei	28.00% 28
▼ Stundum	19.00% 19
TOTAL	100


Q4

Customize

Export ▼

Veltir þú fyrir þér hvar varan sem þú kaupir lendir á endanum?

Answered: 100 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Já	31.00% 31
▼ Nei	36.00% 36
▼ Stundum	33.00% 33
TOTAL	100


Q3

Customize

Export ▼

Veltir þú fyrir þér hvaða áhrif framleiðsla varanna sem þú ætlar að kaupa hefur á umhverfið?

Answered: 100 Skipped: 0



ANSWER CHOICES

RESPONSES

▼ Já

23.00%

23

▼ Nei

40.00%

40

▼ Stundum

37.00%

37

TOTAL

100


Q2

Customize

Export ▼

Veltir þú fyrir þér umhverfisáhrifum varanna áður en þú kaupir

Answered: 99 Skipped: 1



ANSWER CHOICES

RESPONSES

▼ Já

22.22%

22

▼ Nei

35.35%

35

▼ Stundum

42.42%


42

TOTAL


99

Viðauki 5.

Pappírsmotkun 2016 – sept. 2018



Notkun tónera 2016 – sept. 2018



Viðauki 6:

Úrgangur fyrstu 10 mánuði ársins 2017 í tölum

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**Færslulisti - Frá 1.1.2017 til 31.10.2017**

A90 FJÖLBRAUTASKÓLINN ÁRMÚLA Verkstaður : ÁRMÚLI 12
 ÁRMÚLI 12
 108 REYKJAVÍK

Samtals magn í flokki

Úrgangstegund	Lýsing	Þyngd
101	Blandaður úrgangur	4.270,00 KG
311	Bylgjupappi	1.610,00 KG
320	Blandaður pappír og pappi	621,00 KG
396	Endurvinnsluúrgangur	927,00 KG
460	Lífrænt til moltugerðar	2.794,00 KG
808	Blandað umbúðaplast	709,00 KG

Viðauki 7 – dæmi um umsóknareyðublað fyrir samgöngustyrk

VKL-217	Fjölbrautaskólinn við Ármúla Samgöngusamningur		
Uppf. 02			
Dags.: 24.8.2018			
Síða 1 af 1			

Nafn umsækjanda:	Kt.
------------------	-----

Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ), kt. 590182-0959 og undirritaður gera með sér eftirfarandi samning um vistvænar samgöngur til og frá vinnustað:

1. gr.
Markmið

FÁ hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað. Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en einkabílfreið t.d. reiðhjól eða almenningssamgöngur.

2. gr.
Skyldur fyrirtækis

FÁ skuldbindur sig til þess að bjóða upp á traust hjólastæði en einnig býður FÁ upp á sturtuaðstöðu og búningaaðstöðu.

3. gr.
Skyldur starfsmanns

Það starfsfólk sem að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði í 60% tilfella á mánaðargrunni á rétt á samgöngustyrk frá undirritun samningsins.

4. gr.
Samgöngustyrkur

Samgöngustyrkur er kr. 30.000 á ári og er greiddur í upphafi skólaárs, þ.e. september ár hvert. Hafi starfsmaður ekki uppfyllt samning á liðnu skólaári þá getur hann næst sótt um í lok skólaárs (maí) uppfylli hann skilyrðin.

Styrkur þessi er undanþeginn staðgreiðslu þar sem fjárhæð er ekki hærrí 7.000 kr. á mánuði skv. reglum um skattmat vegna tekna.

5. gr.
Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá undirritun samnings og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins mánaðar fyrirvara.

Staður:	Dags.:
F.h. FÁ	Umsækjandi starfsmaður
_____	_____

Viðauki 8 – Dagskrá umhverfisdaga 2018 og dags íslenskrar náttúru 2017

Alexander og Elsa - Kynna (11:40)	Ungir Umhverfissinnar (Kl.11:40) - Fyrirlestur	Umhverfisfræðin (3 Hópar) - Fyrirlestur (11:40)
Anna Karen - Ljóð (11:50)	Fatamarkaður (12:00)	
Bachata Dans - Dario (Vinningar) (12:00)	Lífrænar Snyrtivörur (12:00)	Grillpinnar + Sósa + Grænmeti grillpinnar (12:20)
Umhverfisvæn bindi - Anna Karen (12:20)	Joe and the Juice (11:40)	BINGÓ (13:05)
VÖFFLUVAGNINN (12:00)		

Dagskrá Umhverfisdaga

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
Kl. 11.40 Setning daga og kynning á dagskrá – Á Steypu	11.40- Ungir Umhverfissinnar Fyrirlestarsalur	11.40 Nemendur úr Umhverfisfræði FÁ (3 hópar) Fyrirlestarsalur
Ljóðalestur – Anna Karen	Joe and the Juice (sala) - Á Steypu	12.20 Grillmatur í boði Umhverfisráðs. f Fyrir framan skóla
12.00 Bachata dans – Dario (Vinningar) – Á Steypu	12.00 Fatamarkaður (sala) Lífrænar snyrtivörur – Á Steypu	13.05 BINGÓ (sala) – Steypa Góðir vinningar
12.00- Vöfluvagninn (sala) Fyrir framan skóla –		

Dagur íslenskrar náttúru 2017

Kl. 12.10 (í 4. Kennslustund): Kennarar vinna með nemendum að því að svara 10 spurningum

Kl. 12.40 Kennarar koma með nemendur niður í matsal (og leggja áherslu á að allir mæti)

Kl. 12.45 Kynning á D.Í.N.; boðið upp á boozt-drykki og íslenskt grænmeti

Kl. 12.50 Umhverfisráð nemenda stendur fyrir stuttu umhverfisspjalli

Kl. 13.00 Gróðursetning tveggja reynitrjáa – gengið úr matsal að sunnanverðu